

Aðalfundur Hestamannafélagsins Spretts 25. nóvember 2015.

Fundur hófst skv. dagskrá kl. 20:15
Fundarstaður: Samskipahöll Spretts

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formaður leggur fram og kynnir skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
5. Lagabreytingar, skv. 20. gr.
6. Kosning aðalstjórnar skv. 6. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram.
11. Önnur mál, sem félagið varðar.

1. Formaður félagsins, Linda B. Gunnlaugsdóttir bauð félagsmenn velkomna og setti fundinn. Þá voru mættir 101 fundargestir.
2. Linda stakk upp á Guðmundi Hagalínssyni sem fundarstjóra og Kristínu Njálisdóttur sem fundarritara. Samþykkt einróma.
3. Guðmundur Hagalínsson tók við fundarstjórn og bauð Lindu B. Gunnlaugsdóttur formann félagsins velkomna í pontu á ný og flutti hún skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári sem eru 9 mánuðir að þessu sinni. Á síðasta aðalfundi var lögum félagsins breytt í þá veru að halda aðalfundi í nóvember og er reikningsárið 1.okt. til 30.sept. Linda rakti störf stjórnar félagsins í stórum dráttum en verkefni stjórnar voru fjölmörg á síðasta ári og hélt stjórn fundi á tveggja vikna fresti og mjög oft aukafundi nánast allt tímabilið. Félagsmönnum hefur fjölgað og eru nú 1069 manns. Þessir 9 mánuðir voru mjög viðburðaríkir, Áhugamannadeildin tók sitt pláss og var mjög vel heppnuð, Úrtökumót LH fyrir Heimsmeistaramótið var haldið í Spretti, kynbótasýning, Íslandsmótin í hestaíþróttum bæði fyrir eldri knapa og yngri svo eitthvað sé nefnt. Svo fékk Sprettur æskulýðsbikar LH og óskum við okkur öllum til hamingju með það. **Sjá nánar glærur .**
4. Fundarstjóri bauð Lárus Finnbogason, gjaldkera félagsins, orðið. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Félagslega kjörnir skoðunarmenn hafa yfirfarið reikningana. Lárus fór yfir helstu tölur efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir níu mánuði ársins 2015:

Reikningar félagsins með skýringum lágu frammi á borðum fyrir fundarmenn.

Rekstrarreikningur; Hagnaður af reglul. starfsemi félagsins nam kr. 7.322.083.-

Efnahagsreikningur;

Varanlegri rekstrarfjármunir.

kr.222.172.108.-

Áhættufjármunir og langtímakröfur

kr.531.608.027.-

Fastafjármunir

kr.753.780.135.-

Veltufjármunir:

kr. 20.814.076-

Eignir samtalskr. 775.128.884.-**Skuldir og eigið fé;**

Eigið fé

kr. 723.202.333.-

Skammtímaskuldir

kr. 51.926.551.-

Skuldir og eigið fé samt.

kr. 775.128.884.-

Fundarstjóri bauð fundarmönnum upp á fyrirspurnir. Þorsteinn spurðist fyrir um fasteignagjöld af Hattarvöllum. Lárus gerði grein fyrir að um væri að ræða fasteignagjöld af gömlu reiðhöllinni við Hattarvelli. Engar aðrar fyrirspurnir bárust. Sveinbjörn Sveinbjörnsson bað um orðið. Hann tók til máls og vildi þakka núverandi stjórn fyrir vel unnin störf og vel framsetta skýrslu og ársreikninga. Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar. Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar fyrir árið 2015 samþykkt einróma.

5. Lagabreytingar skv. 20. gr. Engar breytingar á lögum lagðar fram. Guðmundur Hagalínsson vakti athygli á prentvillu í lögnum. Laganefnd tekur að sér að leiðrétta þetta.
 6. Kosning formanns – Sveinbjörn Sveinbjörnsson bauð sig fram. Ekkert annað framboð barst. Sveinbjörn kosinn formaður félagsins til næstu tveggja ára einróma. Þrjú aðrir stjórnarmenn ganga úr stjórn að þessu sinni, en það eru Kristín Njálisdóttir, Ólafur Blöndal og Lárus Finnbogason. Fráfarandi stjórnarmönnum eru þökkun góð störf í þágu félagsins. Fundarstjóri kallaði eftir upplýsingum um framboð og bauð þeim einstaklingum að kynna sig. Efirtaldir félagsmenn buðu sig fram í stjórn:
 - Kristín Njálisdóttir býður sig fram til áframhaldandi starfa (2 ár)
 - Helga Hermannsdóttir (2 ár)
 - Berglind Guðmundsdóttir (2 ár)
- Allir frambjóðendur kosnir einróma með lófataki.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara skv. 6. gr. Jóhanna Elka Geirsdóttir og Geirþrúður Geirsdóttir voru einróma kjörnar skoðunarmenn reikninga. Guðmundur Hagalínsson og Þorsteinn Ragnarsson voru kosnir skoðunarmenn til vara.
 8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fjölmargir hefðu gefið kost á sér í störf nefnda en margar nefndanna hafa þegar hafið störf. Þá upplýsti fundarstjóri að þeir sem áhuga hafa á að starfa með nefndum félagsins skrái sig á þar til gert eyðublað hjá framkv.stjóra félagsins. Fundarmenn gerðu ekki athugasemd við þessa leið við kjör í allar nefndir félagsins.
 9. Ákvörðun félagsgjalds. Samþykkt óbreytt félagsgjald fyrir næsta starfsár.
 10. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár sem er frá 1. okt. árið 2015 til 30. sept. 2016 og gaf Lárus gjaldkera orðið. Lárus gerði grein fyrir rekstraráætlun/fjárhagsáætlun – sjá meðfylgjandi áætlun. Fjárhagsáætlun/rekstraráætlun afgreidd án athugasemda.
 11. Önnur mál. Fundarstjóri gaf Lindu orðið en á fundinum fór fram viðurkenningar til unga fólksins í félaginu ásamt því að heiðra Íþróttafólk Spretts 2015.

Í flokknum Besti keppnisárangur 2015 fengu eftirfarandi aðilar viðurkenningar:

- Barnaflokkur stúlkur : Hulda María Sveinbjörnsdóttir
- Barnaflokkur drengir : Kristófer Darri Sigurðsson
- Unglingaflokkur stúlkur : Kristín Hermannsdóttir
- Unglingaflokkur drengir : Hafþór Hreiðar Birgisson

Hvatningaverðlaun

Veitt voru hvatningaverðlaun í barna- og unglíngaflokki. Við val á einstaklingum er horft til áhuga, ástundun, framfara og til þátttöku í viðburðum félagsins, í keppni og námskeiðabátttöku hjá félaginu. Einungis er hægt að hljóta þessi verðlaun einu sinni.

Hvatningaverðlaun 2015 hlutu:

- Barnaflokkur : Þorleifur Einar Leifsson
- Unglingaflokkur: Herdís Lilja Björnsdóttir

Aðalfundurinn heiðraði einnig Daníel Jónsson en hann varð heimsmeistari með kynbótahestinn Glóðafeyki frá Halakoti í flokki 7 vetra stóðhesta á Heimsmeistaramóttinu í Herning sl. sumar. Daníel og Glóðafeykir hlutu hæstu einkunn sem gefin hefur verið í kynbótadómi á Heimsmeistaramótti.

Íþróttamaður Spretts 2015 var valinn Jóhann Kristinn Ragnarsson.

Tilnefning Spretts til íþróttamanna Kópavogs og Garðabæjar eru eftirfarandi:

Yngri flokkur, 13-16 ára – Kristófer Darri Sigurðsson og Sunna Dís Heitman í Kópavogi.
Eldri flokkur, 17 ára og eldri – Kristín Hermannsdóttir og Jóhann Kristinn Ragnarsson bæði í Kópavogi og Garðabæ.

Óskum öllu þessu frábæra íþróttafólki innilega til hamingju með góðan árangur á tímabilinu.

Fundarstjóri sagði orðið laust.

Hermann Vilmondarson bað um orðið. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Jafnframt bauð hann nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Þá kallaði hann Lindu til sín og vildi fyrir hönd félagsmanna þakka henni fyrir frábært starf sem formaður félagsins undanfarin tæp tvö ár og afhenti henni blómvönd sem þakklætisvott.

Fundarstjóri bauð fráfarandi formanni að eiga síðasta orðið á fundinum. Linda þakkaði góð orð í sinn garð og þakkaði gott og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði fundarsetu og góða og málefnalega umræðu og sleit fundi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir.